

## AUGLÝSING

69

13. apríl

um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Með orðsendingu, dags. 8. apríl 1949, hefur brezka sendiráðið í Reykjavík tilkynnt utanríkisráðuneytinu að það hafi frá og með 11. apríl fengið heimild til að árita vegabréf íslenzkra ríkisborgara og erlendra manna búsettra á Íslandi, sem fara ætla til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Vegabréfsáritanir verða þó undir flestum kringumstæðum ekki veittar öðrum en þeim, sem ferðast í verzlunarerindum, fara um landið (transit visum), eða fara af fjölskylduástæðum (samúðarástæðum).

Fyrir verzlunarmenn gilda eftirfarandi reglur: Þeir geta fengið 30 daga dvalarleyfi í landinu og er heimilt að koma inn í og fara úr landinu eftir óskum á því tímabili, án sérstakrar heimildar. Til þess að fá áritun í vegabréf sitt þurfa þeir að leggja fram meðmælabréf frá viðskiptamálaráðuneytinu, þar sem m. a. eftirfarandi er tekið fram:

- a. Nafn umsækjanda.
  - b. Þjóðerni, fæðingarstaður og fæðingarár.
  - c. Á vegum hvaða fyrirtækis umsækjandi fer.
  - d. Áætlaður komudagur til Þýzkalands.
  - e. Hvaða vörur umsækjandi hefur áhuga á að kaupa.
- Nauðsynlegt er, að sótt sé um vegabréfsáritun með nægum fyrirvara.

*Utanríkisráðuneytið, 13. apríl 1949.*

F. r.

Agnar Kl. Jónsson.

## AUGLÝSING

70

31. maí

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 20. maí 1949, var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands. — Samningurinn gekk þegar í gildi, og gildir hann um viðskipti milli landanna á tímabilinu frá 20. maí 1949 til 30. júní 1950.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir að Finnland kaupi af Íslandi:

25 000 tonn af síld,

60 smálestir af meðalalýsi,

90 smálestir af fódurlýsi,

25 smálestir af iðnaðarlýsi,

3½ af hundraði af því síldarmjöli, sem verður útflutt af framleiðslu sumarsins 1949, þó ekki yfir 1000 smál.,

2 af hundraði af síldarlýsisframleiðslu sumarsins 1949, þó ekki meira en 200 smálestir,

saltaðar gærur fyrir 105 000 sterlingspund,

kindagarnir fyrir 18 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á niðursoðnum fiskafurðum, hraðfrystum fiski og ýmsum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.

70

31. maí

Frá Finnlandi er gert ráð fyrir að Ísland kaupi eftirtaldar vörur:

Timbur .....	223 000	sterlingspund
Staura og fleira .....	17 000	—
Krossvið .....	23 000	—
Þilplötur og aðrar plötur til bygginga .....	19 000	—
Blaðapappír .....	46 000	—
Prentpappír og skrifpappír .....	20 000	—
Umbúðapappír .....	18 000	—
Annan pappír og pappa .....	21 000	—
Ýmislegar vörur .....	40 000	—

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

71

31. maí

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949.

Á árinu 1949 hafa verið gerðir eftirfarandi samningar um viðskipti milli Íslands og Bretlands:

1. Samningur um fisklandanir í Bretlandi frá 1. apríl til 31. ágúst 1949, undirskrifaður í London hinn 1. apríl 1949.
2. Samningur um fisksölur til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi á tímbilinu frá 15. febrúar 1949 til 31. október 1949, undirskrifaður í London hinn 20. maí 1949.
3. Almenn bókun um samningaumleitanir, sem fram fóru í London dagana 10. febrúar til 13. apríl 1949, undirskrifuð í London 13. apríl 1949.

Á grundvelli þessarar almennu bókunar, hafa eftirtaldir sérsamningar verið gerðir:

- a. Samningur um sildarmjöl af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- b. Samningur um sildarlýsi og hvallýsi af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- c. Samningur um hraðfrystan fisk, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*